SKÁTARNIR

ÁRSSKÝRSLA

Bandalag íslenskra skáta

2022

ATRIÐASKRÁ

3 Kveðja frá skátahöfðingja
4 Stjórn, starfsfólk og fastaráð
12 Starfsemi Bandalags íslenskra skáta
17 Kjarnastarfsemi BÍS
26 Starfsemi fastaráða og vinnuhópa
35 Aðilar að Bandalagi íslenskra skáta

Bandalag íslenskra skáta | Hraunbær 123, 110 Reykjavík | Sími 5509800
skatarnir@skatarnir.is | www.skatarnir.is

KVEÐJA FRÁ SKÁTAHÖFÐINGJA

Hvað er skátastarf?

Þegar skáti er spurður þessarar spurningar, sér hann fyrir sér stóran heildrænan heim af áhrifaþáttum í lífi sínu. Við sjáum fyrir okkur stórar sveitir öflugra ungmenna taka sín fyrstu spor á erlendri grundu, eða einstaka stund með fáum góðum vinum, á fjallstoppi eða í litlum köldum skála. Það eru þessar mögnuðu stundir sem við höfum upplifað en getum engan veginn komið í orð. Því reynum við oft að útskýra skátastarf með því hvað við gerum á vikulegum fundum frekar en að reyna að lýsa þeim áhrifum sem skátastarfið hefur á okkur persónulega og úti í samfélaginu. Það er ekki skrýtið að okkur finnist erfitt að skilgreina skátastarf, þar sem það er svo persónubundið og upplifun okkar getur verið svo ólík.

Hvað einkennir gott skátastarf?

Það sem við getum gert og er kannski auðveldara að binda í orð, er að setja niður á blað hvaða þættir það eru sem einkenna gott skátastarf. Síðustu fjögur ár hefur lítill hópur skáta unnið að endurgerð starfsgrunns skáta, með aðkomu fjölda skátaforingja á öllum aldri og reynt að færa í orð þá þætti sem skipta mestu máli til þess að búa til þennan heim þar sem skátaævintýrin gerast. Síðastliðið ár hefur þessi vinna skilað ávexti sínum með endurnýjuðum starfsgrunni sem skátafélögin og sveitarforingjar eru byrjaðir að nota til stuðnings við skipulagningu starfsins, nýjum leiðarsteinum í dagskrárframboði eins og könnuðamerkjum, hæða og stiku merkjum, og nýjum leiðtoganámskeiðum sem byggja á sama grunni. Nú á vorönninni lítur loksins dagsins ljós bókin “Hvað er skátastarf” sem er ætlað að styðja skátafélögin við að leggja línur í eigin starfi, að kynna starfsgrunninn fyrir foreldrum og sýna fram á heildarmarkmið skátastarfs í samningum sínum við sveitarfélög og aðra hagaðila.

Hvert förum við næst?

Með þennan góða grunn verður auðvelt að byggja upp gott skátastarf á landinu öllu. Með auknum krafti í starfinu sækjum við nýja sjálfboðaliða úti í samfélaginu og gerum okkur tilbúin fyrir stórsókn skátastarfs á næstu árum. Nú krækjum við saman höndum og byggjum sterka sóknarlínu fram á við, með hugsjón okkar að leiðarljósi. Að efla börn og ungmenni í eigin færni og sjálfstæði, að byggja upp leiðtoga framtíðarinnar sem stuðla að jákvæðni og frið í heiminum öllum.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Skátahöfðingi

STJÓRN, STARFSFÓLK OG FASTARÁÐ

STJÓRN BÍS

Skátahöfðingi
Harpa Ósk Valgeirsdóttir
hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir,
kjörin 2022

Gjaldkeri
Sævar Skaptason
framkvæmdastjóri, fyrst kjörinn 2019

Meðstjórnand
Guðrún Stefánsdóttir
hjúkrunarfræðingur, kjörin 2022

Meðstjórnandi
Huldar Hlynsson
nemi, fyrst kjörinn 2020

Meðstjórnandi
Jón Halldór Jónasson
upplýsingafræðingur,
fyrst kjörinn 2019

Meðstjórnandi
Unnur Líf Kvaran
málfræðingur, kjörin 2022

Meðstjórnandi
Þórhallur Helgason
forritari, kjörinn 2020

FASTARÁÐ BANDALAGSINS

Eftirfalin voru kjörin í starfsráð á skátaþingi 2022:

Alþjóðaráð

Agnes Lóa Gunnarsdóttir
Daði Már Gunnarsson
Daði Björnsson

Alþjóðafulltrúar

Berglind Lilja Björnsdóttir
Sunna Líf Þórarinsdóttir
Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir

Varaalþjóðafulltrúi

Hulda María Valgeirsdóttir

Skátaskólinn

Björk Norðdahl
Dagbjört Brynjarsdóttir
Ísak Árni Eiríksson Hjartar
Kristín Hrönn Þráinsdóttir

Stjórnarmaður í ráði:
Þórhallur Helgason

Starfsráð

Jóhanna Björg Másdóttir
Sigurður Viktor Úlfarsson
Védís Helgadóttir

Stjórnarmaður í ráði:
Unnur Líf Kvaran

Ungmennaráð

Davíð Þrastarson
Hersteinn Skúli Gunnarsson
Hulda Biering
Högni Gylfason

Stjórnarmaður í ráði:
Huldar Hlynsson

Útilífsráð

Hjálmar Snorri Jónsson
Jakob Frímann Þorsteinsson
Sif Pétursdóttir
Ævar Aðalsteinsson

Stjórnarmaður í ráði:
Guðrún Stefánsdóttir

SKÁTAMIÐSTÖÐIN

Helga Þórey Júlíudóttir
Framkvæmdastjóri BÍS og Skátamóta

Helga Þórey tók til starfa sem framkvæmdastjóri BÍS og Skátamóta í september 2021. Hún stýrði daglegum rekstri og framþróun Skátamiðstöðvarinnar og framfylgdi stefnu BÍS í samráði við stjórn BÍS og fylgdi samþykktum hennar eftir. Helga var í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra og stjórnir dótturfyrirtækja. Hún var í forsvari fyrir BÍS gagnvart hinu opinbera, fjölmiðlum og helstu samstarfsaðilum skátahreyfingarinnar á Íslandi. Áherslur Helgu í starfi voru að renna styrkari stoðum undir fræðslu og veita stuðning við dagskrá, miðlun og þjónustu við skátafélögin í landinu. Helga Þórey fór í leyfi frá störfum í ágúst og hætti störfum í nóvember.

Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Skátahöfðingi

Frá haustmánuðum hefur Harpa Ósk sinnt verkefnum framkvæmdastjóra og í samstarfi við stjórn undirbúið ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Í því felst daglegur rekstur skrifstofu, mannauðsstjórnun og samskipti BÍS við hagsmunaaðila.

Taldi stjórn BÍS nauðsynlegt að endurskoða uppbyggingu stjórnunar BÍS og dótturfyrirtækja áður en hægt væri að ráða nýjan stjórnanda.

Javier Paniagua Petisco
Framkvæmdastjóri ÚSÚ og verkefna- og leiðtogaþjálfi BÍS

Pani gegnir stöðu leiðtogaþjálfa í litlu hlutfalli fyrir Bandalag íslenskra skáta en hann er einnig framkvæmdastjóri Úlfljótsvatns. Hann starfar með leiðbeinendasveitinni og tryggir að hún sé hágæða þjálfunarteymi fyrir leiðtoganámskeið. Auk þess vinnur Pani að innleiðingu leiðtogaþjálfunar á öllum stigum BÍS svo að sjálfboðaliðar geti sem best vaxið í sínum hlutverkum, svo sem innan vinnuhópa fyrir mótahald og fyrir stjórnir.

SKÁTAMIÐSTÖÐIN

Halldóra Inga Ingileifsdóttir
Fjármálastjóri

Halldóra hóf störf sem fjármálastjóri BÍS og dótturfélaga í apríl 2022. Hún vinnur með framkvæmdastjórum og stjórnum dótturfyrirtækja BÍS. Sem fjármálastjóri sér Halldóra um fjármálaumsýslu BÍS og dótturfélaga, s.s. greiðslu reikninga og gerð fjárhagsáætlana. Hún spilar stórt hlutverk í að afla fjár fyrir hreyfinguna og koma nýju stjórnskipulagi BÍS og dótturfélaga í framkvæmd.

Hilda Ösp Stefánsdóttir
Bókari

Hilda er bókari BÍS og dótturfélaga og vinnur með framkvæmdastjórum þeirra og fjármálastjóra ásamt stjórnendum dótturfyrirtækja BÍS. Hennar helstu verkefni snúa að innheimtu og færslu bókhalds BÍS og dótturfyrirtækja þess. Hilda sér um launavinnslu hjá Skátamiðstöðinn og Úlfljótsvatni. Hún aðstoðar einnig við yfirlestur efnis áður en það er gefið út af BÍS.

Katrín Kemp Stefánsdóttir
Verkefnastýra fræðslumála

Katrín er verkefnastýra fræðslumála, hún hefur yfirumsjón með fræðsluefni og námskeiðaframboði á vegum BÍS. Katrín vinnur að markmiðum BÍS um Skátaskólann og er í nánu samstarfi við sjálfboðaliðana sem mynda stjórn skólans. Hún vinnur líka með leiðbeinendasveit BÍS og Gilwell sveitinni sem sinnir skipulagi og framkvæmd námskeiða. Katrín og erindrekar BÍS vinna líka oft saman að átaksverkefnum sem snúa að fræðslu- og þjálfunarmálum. Katrín situr fyrir hönd BÍS í ráðgjafahóp ÆV.

SKÁTAMIÐSTÖÐIN

Sigurgeir B. Þórisson, Halldór Valberg og Sædís Ósk Helgadóttir
Erindrekar

Erindrekar BÍS vinna með sjálfboðaliðum skátahreyfingarinnar og í félagsstarfi skátafélaganna um land allt. Sem erindrekar eru þau í samskiptum við skátafélög um allt land og styðja þau í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja félagsstarf þeirra, miðla reynslu á milli félaga og vinna að lausnum á sameiginlegum áskorunum þeirra. Erindrekar sinna líka allskyns átaksverkefnum sem miða að því að styðja sjálfboðaliða í þeirra hlutverkum s.s. með útgáfu fræðsluefnis og verkfæra, með þjálfun og með virkri handleiðslu. Þau vinna líka að framþróun og innleiðingu nýs dagskrárefnis í skátastarfi.

Erindrekar vinna líka að því að fjölga bæði sjálfboðaliðum og þátttakendum í skátastarfi og geta liðsinnt við að koma á fót skátastarfi í byggðarlögum þar sem ekki fyrirfinnst skátastarf nú þegar. Í slíkum verkefnum bjóðast þau til að koma hvert á land sem er að kynna starfið fyrir áhugasömum sjálfboðaliðum og þátttakendum, halda námskeið fyrir nýja sjálfboðaliða og reka dagskrá fyrir þátttakendur í nokkur skipti.

Auk almennra verkefna hafa erindrekarnir sína sérhæfingu. Halldór hefur sérstaklega unnið að grunnþáttum heimasíðu BÍS, en hann hætti störfum í nóvember. Sigurgeir hefur lagt áherslu á samstarf við stofnanir eins og Æskulýðsvettvanginn, yfirsýn verkefna og vinnslu gæðaskjala. Sædís hefur tekið þátt í ráðstefnu og vinnusmiðjum um sjálfbærni og heimsmarkmiðin auk þess að vinna að verkefnum um inngildingu.

Rita Osório
Kynningarmálastýra

Rita stýrir ímyndarmálum BÍS og dótturfyrirtækja þeirra. Hún stýrir samfélagsmiðlum og býr til skemmtilegt efni til að sýna frá starfinu. Rita vinnur einnig að því að lyfta heimasíðum BÍS og dótturfyrirtækja í nýjar hæðir, búa til nútímalegt og lifandi kynningarefni fyrir skátafélögin og að gera stuðningsefni fyrir skátaforingja og aðra sjálfboðaliða aðgengilegt og flott. Hún tekur einnig myndir og myndbönd úr starfi BÍS.

Kolbrún Ósk Pétursdóttir
Verkefnastjóri alþjóðaferða og landsmóts

Kolbrún Ósk hefur verið skipuð mótsstjóri landsmóts 2024. Hún hefur verið ráðin í hlutastarf á skrifstofu BÍS til að sinna undirbúningsverkefnum fyrir mótið sem áður féllu í skaut viðburðastjóra til viðbótar við sjálfboðaliðastarf hennar sem mótsstjóri. Auk þess sér Kolbrún um samskipti og stuðning við fararstjórnir á alheimsmótið í Suður Kóreu 2023 og á Róverway 2024.

GRÆNIR SKÁTAR EHF.

Hjá Grænum skátum ehf. störfuðu 40 starfsmenn í 17 stöðugildum á árinu. Flestir starfsmenn Grænna skáta, um 30 manns, búa við skerta starfsgetu og veitir þessi starfsemi þeim kærkomið tækifæri til þess að sinna launaðri vinnu. Grænir skátar eru með samning við Vinnumálastofnun (VMST) í tengslum við verkefnið: „Atvinna með stuðning," og tekur VMST þátt í launagreiðslum þeirra starfsmanna sem tengjast verkefninu. Flestir starfsmenn eru í hlutastarfi.

Rekstur Grænna skáta gekk afar vel á árinu og var veltuaukning fyrirtækisins góð. Á árinu varð mikil aukning á þjónustu tengdri húsfélögum og fyrirtækjum en þessi þjónusta verður stöðugt umfangsmeiri í rekstrinum. Grænir skátar sækja í þeim tilfellum flöskur og dósir til viðskiptavina þegar þörf er á eða eftir reglulegu tímaplani. Viðskiptavinurinn fær greiddan hluta af skilagjaldi til sín og Grænir skátar taka hlut sem þjónustugjald. Aukinn fjöldi ferðamanna hefur haft jákvæðar afleiðingar fyrir fyrirtækið þar sem Grænir skátar þjónusta hótel og veitingastaði. Það magn sem kom í söfnunargáma Grænna skáta minnkaði aðeins milli ára og skýrist það af því að landinn er farinn að ferðast meira til útlanda en í fyrra þegar fáir fóru utan vegna COVID.

Vöxtur Grænna skáta hefur verið góður undanfarin ár og rekur fyrirtækið nú 4 bifreiðar sem sækja drykkjarumbúðir með skilagjaldi allt frá Suðurnesjum og austur að Geysi.

Í ár hófst söfnun á Akureyri í samvinnu við skátafélagið Klakk. 11 söfnunargámar eru á grenndarstöðvum á Akureyri og sér útilífsmiðstöðin Hamrar um að þjónusta gámana. Vel gefur gengið með verkefnið frá því það byrjaði um haustið.

Búið er að endurhanna útlit söfnunargáma Grænna skáta samkvæmt alþjóðlegum stöðlum er tengjast endurvinnslu. Farið var í átak að endurmerkja alla eldri söfnunargáma og er verkefnið vel á veg komið.

SKÁTABÚÐIN EHF.

Rekstur Skátabúðarinnar ehf. gekk vel. Mesta sala Skátabúðarinnar er á skátavörum til skáta og skátafélaga og sala á gervijólatrjám. Sala á Sígræna jólatrénu gekk sérstaklega vel. Í fyrra hafði COVID mikil áhrif á söluna þar sem við fengum ekki afgreiddar þær vörur sem við pöntuðum. Í ár gekk hinsvegar vel að tryggja gott vöruúrval. Jólatré með LED-ljósum eru stöðugt að verða vinsælli. Vörumerkið „Sígræna jólatréð" er orðið mjög þekkt og nýtur mikils traust samkvæmt könnunum. Sölutímabilið hefur lengst þar sem fólk setur jólatrén upp fyrr en áður og byrjar salan nú í upphafi nóvember.

Í ár voru kynntar nýjar tegundir af skátaskyrtu og hefur salan gengið vel. Nýju skátaskyrturnar eru með nýju sniði og ísaumuðu merki. Skátafélög geta fengið máturnarsett til sín og gengið frá hóppöntun. Einnig hefur verið boðið upp á tímabundnar sérmerktar flíkur úr umhverfisvænum efnum. Skátabúðin er rekin í Skátamiðstöðinni í Hraunbæ 123.

SKÁTAMÓT EHF.

Dótturfyrirtæki BÍS sem heldur utan um undirbúning og framkvæmd stærri viðburða á vegum BÍS, s.s. Landsmót skáta og önnur mót. Engin starfsemi er hjá dótturfélaginu Skátamót þetta árið. Sjóður er tilheyrir félaginu er varðveittur sem varasjóður fyrir stærri viðburði og ferðir á vegum skáta í framtíðinni.

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA ÚLFLJÓTSVATNI

Árið var viðburðaríkt á Úlfljótsvatni og mikil gleði ríkti yfir því að notið undralandsins.

Við tókum á móti yfir 7000 gestum frá 25 löndum, samanlagt gistu í meira en 12.500 gistinætur. Við tókum á móti 3200 gestum á tjaldsvæðinu, 26 skólum í skólabúðunum, 112 börnum í sumarbúðunum, og 2000 skátum, ýmist íslenskum skátafélögum, skátamótum og erlendum skátahópum. Öflugt starfsmannateymi Úlfljótsvatns vann streytulaust að því að bjóða upp á frábæra þjónustu og gerði þetta mögulegt með óbilandi trú sinni á krafti skátastarfsins.Í starfsmannateyminu voru 5 starfsmenn í fullu stöðugildi af 4 ólíkum þjóðernum, 10 sjálfboðaliðar í fullri vinnu af 8 ólíkum þjóðernum og 14 íslenskir skátar sem unnu í sjálfboðaliðastarfi þegar á þurfti að halda.

Heilt séð yfir árið þá jukust bókanir á staðnum frá árinu 2021 og við teljum að sá vöxtur haldi áfram á næsta ári. Fjöldi þeirra sem sækir um sjálfboðaliðastöður á Úlfljótsvatni jókst í ár en tæplega 20 manns sóttu um í ár. Samhliða því þá hefur sjálfboðaliðaumsóknum einnig aukist og fær Úlfljótsvatn að meðaltali 20 umsóknir á ári.

Við skiljum við árið 2022 á mjög jákvæðum nótum þar sem að afkoma Úlfljótsvatns var jákvæð í lok árs.

STARFSEMI BANDALAGS ÍSLENSKRA SKÁTA

STEFNUMÓTUN BÍS

Stefna BÍS til 2025 hefur verið höfð að leiðarljósi þegar kemur að nýsköpun og framþróun skátastarfs á árinu. Eftirfarandi eru dæmi um áherslupunkta ársins eftir köflum stefnunnar:

Fólk

- Stuðningur við nýtt skátafélag og unnið að á ætlunum um endurvakningu félaga sem nýlega hafa hætt störfum.
- Mikil vinna var lögð í útlit og skilaboð þess efnis sem kemur frá skátunum á samfélagsmiðlum til að vinna að bættri ímynd.
- Verklýsingar fyrir öll hlutverk innan BÍS eru í vinnslu
- Fjöldi kynninga og vinnusmiðja um siðareglur og viðbragðsáætlanir.

Færni

- Mikill kraftur var lagður í innleiðingu og útgáfu endurbætts starfsgrunns og búið er að útfæra markmið, merki, hvatakerfi og táknræna umgjörð fyrir öll aldursstig.
- Framboð fræðslu hefur aukist í takti við nýja námskrá skátaskólans.

Framsýni

- Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna eru nú skyldu viðfangsefni í lokamerkjum (könnuðamerkjum) hvers aldursstigs.
- Unnið var að tilraunaverkefni um aðgengi fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna sem mun líta dagsins ljós 2023.
- Til að auka vægi útilífs í skátastarfi hóf útilífsráð skáta störf, nýr vinnuhópur stofnaður um Crean útilífsáskorunina og samstarfssamningur gerður við Útilífsnámskeið skáta á Akureyri.

FUNDIR

Stjórnarfundir

Stjórn Bandalags íslenskra skáta hélt 19 bókaða fundi á árinu 2022 auk óformlegra vinnufunda. Allir stjórnarfundir fóru fram í persónu þetta árið þótt stjórnarfólk tæki sumt stundum þátt í gegnum netið.

Fundir framkvæmdaráðs

Í framkvæmdaráði sitja skátahöfðingi og gjaldkeri stjórnar BÍS ásamt fjármála- og framkvæmdarstjóra BÍS. Framkvæmdaráð hélt 6 bókaða fundi á árinu 2022.

Félagsforingjafundir

Tveir félagsforingjafundir voru haldnir á árinu.

Fyrri fundur ársins fór fram þann 12. febrúar í formi fjarfundar. Á fundinum voru félagsforingjar upplýstir um það fjárhagslega högg sem Covid hafði á BÍS árið 2021. Starfsmannabreytingar og nýjar áherslur hjá Skátamiðstöð voru til umræðu og þá var nýtt útlit starfsgrunnsins kynnt.

Seinni fundur ársins fór fram 4. október, staða Skátamiðstöðvarinnar var þar aftur til umræðu í ljósi þess að framkvæmdastjóri lét af störfum og skátahöfðingi sinnti stöðunni tímabundið. Framtíðarsýn um hlunnindi stöðu Skátahöfðingja voru til umræðu ásamt samningum BÍS við Sportabler. Erindrekar kynntu niðurstöður ánægjukönnunar BÍS ásamt því að kynna nýja viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Skátaþing 2022

Skátaþing fór fram á Bifröst helgina 1.-3. apríl. Dagskrá þingsins var samkvæmt lögum BÍS á kosningaári. Þingið var haldið í persónu í fyrsta sinn frá upphafi heimsfaraldurs og tækifærið var aldeilis nýtt til að eiga samtal og samráð við öll þau sem standa að hreyfingunni. Á föstudagskvöldi þings var mikið rými skapað fyrir kynningar á átaksverkefnum og að því loknu voru opnir kynningarbásar. Tilkynnt var um úthlutun úr styrktarsjóði skáta í þágu skáta og annarra barna í Úkraínu. Stjórnarskipti áttu sér stað og Harpa Ósk Valgeirsdóttir tók við embætti skátahöfðingja af Mörtu Magnúsdóttur þá komu Unnur Líf Kvaran og Guðrún Stefánsdóttir nýjar inn í stjórn en auk Mörtu lauk Björk Norðdahl störfum í stjórn. Mikil endurnýjun var í fastaráðum. 6 af 8 lagabreytingartillögum voru samþykktar og fólu í sér breytingar á 2., 9., 10., 14., 19., 20. og 22. grein laga BÍS. Ný jafnréttisstefna BÍS var samþykkt samhljóða. Að fundarstörfum loknum var svo mikill tími tekinn frá fyrir umræðuhópa og smiðjur þar sem nýr markmiðarammi var ryndur í þaula innan hvers aldursbils, tillögur starfsráðs um skátabúninginn voru kynntar, rýnt var ofan í umgjörð Skátaskólans og mannauðsstefnan var kynnt betur fyrir ábyrgðaraðilum skátafélaganna. Þingið heppnaðist afar vel og fékk mjög góða endurgjöf í könnun sem send var á þátttakendur eftir þingið.

AFREKS- OG HEIÐURSMERKI

Stjórn BÍS samþykkti vorið 2005 reglugerð um heiðursmerki. Samkvæmt henni eru eftirtalin heiðursmerki í notkun hjá BÍS:

Silfurúlfurinn, Skátakveðjan úr gulli, silfri og bronsi, Þórshamarinn úr gulli, silfri og bronsi og auk þess merki BÍS úr gulli, silfri og bronsi. Eftirtalin hetjudáðamerki eru í notkun hjá BÍS: Gullkrossinn, Silfurkrossinn og Bronskrossinn. Eftirtalin þjónustumerki eru í notkun hjá BÍS: Gyllta liljan og smárinn og Silfraða liljan og smárinn.

Eftirtaldir hlutu afreks- og heiðursmerki BÍS á árinu 2020:

Heiðursmerki BÍS afhent frá síðasta skátaþingi

Þórshamarinn úr bronsi

Júlía Jakobsdóttir
Unnur Líf Kvaran
Védís Helgadóttir

Þórshamarinn úr gulli

Arthur Pétursson
Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir

Skátakveðjan úr bronsi

Atli B. Bachman
Gauti Torfason
Kristín Birna Angantýsdóttir

Silfurmerki skáta

Tryggvi Marínósson

Þjónustumerki BÍS í silfri og gulli
Mótsstjórnir aldursbilamóta

Forsetamerki rekkaskáta

Arney Sif Ólafsdóttir Sk.f. Fossbúar
Bjarni Gunnarsson Sk.f. Fossbúar
Karen Hekla Grønli Sk.f. Fossbúar
Guðbjörg Viðja Pétursdóttir Biering Sk.f. Heiðabúar
Sigurbjörg Erla Pétursdóttir Biering Sk.f. Heiðabúar
Sebastian Fjeldal Berg Sk.f. Klakkur
Hersteinn Skúli Gunnarsson Sk.f. Kópar
Jökull Freysteinsson Sk.f. Landnemar
Sunna Dís Helgadóttir Sk.f. Skjöldungar
Pjetur Már Hjaltason Sk.f. Ægisbúar

HELSTU VIÐBURÐIR SEM BÍS KOM AÐ

Viðburðir samkvæmt viðburðadagatali BÍS 2022

Janúar
8. Neisti 2022 (frestað v. C19)
24. Sportabler námskeið á netinu

Febrúar
6. Ungmennaþing 2022
12. Félagsforingjafundur á netinu
13. Fálkaskátadagurinn 2021 - aflýst
28. Verndum þau

Mars
6. Drekaskátadagurinn 2022
11.-13. Útilífsnámskeið Klakks

Apríl
1.-3. Skátaþing
20. Agora 2022

Maí
21. Skyndihjálparnámskeið - dagur 1
21. Ungmennaþing - taka tvö
22. Skyndihjálparnámskeið - dagur 2
25. Fararstjórafundur drekaskátamóts
27.-29. Rekkakraftur
31. Upplýsingafundur Landsmóts dróttskáta 2022

Júní
1. Námskeið fyrir skólastjóra Útilífsskóla
3.-5. Vormót Hraunbúa 2022
7. Námskeið fyrir starfsfólk Útilífsskóla
7. Verndum þau
7. Námskeið fyrir vinnuskólaliða
10.-12. Ds. Fimmvörðuháls
10. Öryggisnámskeið í klifri
10.-12. Landsmót drekaskáta
20. Upplýsingafundur fyrir Landsmót rekka- og róverskáta 2022
22. Fararstjórafundur fyrir Landsmót fálkaskáta
30.- 3.júlí Landsmót fálkaskáta

Júlí
17.-24. Landsmót rekka- og róverskáta

Ágúst
3.-7. Landsmót dróttskáta
7. Gleðigangan
17. Kveikja - stjórnarmeðlimir
18. Kveikja – foringjar
18.-21. Þvert yfir hálendið
20. Fjölskylduskátafundur á Menningarnótt
29. Forsetamerkisráðgjöf

September
2.-4. Námskeið fyrir sveitarforingja
9.-11. Ungt fólk og lýðræði - Gleym mér ei!
14. Verndum þau
17.-25. Icelandic work party
17. Hausthátíð að Hömrum
21. Hringborð rekkaskátaforingja
23.-25. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja

Október
4. Félagsforingjafundur
6. Hringborð fjölskylduskátaforingja
7.-9. Dróttkraftur
8. Afhending forsetamerkis
12. Foreldrafundur Alheimsmóts 2023

13. Hringborð drekaskátaforingja
14.-16. JOTA/JOTI 2022
16. Hringborð dróttskátaforingja
17. Skyndihjálp - kvöld 1
18. Skyndihjálp - kvöld 2
19. Skyndihjálp - kvöld 3
20. Hringborð fálkaskátaforingja

Nóvember
2. Hátíðarkvöldvaka
3. Hringborð róverskáta
6. Fálkaskátadagurinn 2022

Desember
4. Jólaljósaslóði á Úlfljótsvatni
28.- 4. janúar Alþjóðlega róvervikan í Kandersteg

Viðburðir í starfsáætlun BÍS 2022 sem varð ekki af

- Dróttskátadagurinn - febrúar
- Rekkanetið - október
- Róvernetið - október
- Uppskeruhátíð v/ forsetamerkis - ágúst eða september
- Námskeið fyrir stjórnarfólk
- Gilwell – vetur
- Hæfninámskeið - einu sinni í mánuði sept-nóv og jan-apríl
- Nordic adventure race

KJARNASTARFSEMI BÍS

ERINDREKSTUR

Erindrekar BÍS vinna með sjálfboðaliðum BÍS og í félagsstarfi skátafélaganna um land allt. Sem erindrekar eru þau í samskiptum við skátafélög um allt land og styðja þau í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja félagsstarf þeirra, miðla reynslu á milli félaga og vinna að lausnum á sameiginlegum áskorunum þeirra. Erindrekar sinna líka allskyns átaksverkefnum sem miða að því að því að styðja sjálfboðaliða í þeirra hlutverkum s.s. með útgáfu fræðsluefnis og verkfæra, með þjálfun og með virkri handleiðslu. Þau vinna líka að framþróun og innleiðingu nýs dagskrárefnis í skátastarfi. Erindrekar vinna líka að því að fjölga bæði sjálfboðaliðum og þátttakendum í skátastarfi og geta liðsinnt við að koma á fót skátastarfi í byggðarlögum þar sem ekki fyrirfinnst skátastarf nú þegar.

Fundir með félagsstjórnum

Á árinu buðu erindrekar öllum skátafélögum að heimsækja stjórn þeirra ásamt fulltrúa stjórnar BÍS. Þessir fundir yrðu staðlaðir þar sem farið væri yfir föst atriði með hverju félagi. Eingöngu 6 félög þáðu þann fund en eingöngu varð af 3 þeirra.

Stuðningur við ný og viðkvæm félög

Áhersla var sett á stuðning við bæði ný félög og félög í viðkvæmri stöðu á árinu. Starfi var komið á fót hjá nýju félagi á Austurlandi. Á sama tíma unnu erindrekar ásamt SSR að því að leysa úr dræmri stöðu hjá Haförnum. BÍS hélt aðalfund fyrir skátafélag Borgarness þar sem ný stjórn var kjörin til að taka við félaginu.

Hringborðin

Hringborðin eru vettvangur fyrir sjálfboðaliða um land allt í samskonar hlutverkum að kynnast innbyrðis, ræða sín á milli þær áskoranir sem þau mæta í sínu starfi og deila á milli sín lausnum og góðum aðferðum. Hringborð voru haldin fyrir foringja allra aldursbila með góðum árangri.

Kveikja

Kveikja var nýjung þar sem foringjum og síðan stjórnarfólki var boðið að koma saman og velta fyrir sér viðfangsefnum og hlutverkum sínum á hátt sem vonast var til að kæmi að gagni í upphafi starfsár. Vel var sótt og þetta fastur liður.

FÉLAGAÞRENNAN

Áfram er unnið að því að kynna félagaþrennuna fyrir stjórnum skátafélaga. Settir hafa verið upp nýir póstlistar svo hvert hluverk þrennunar fái tilkynningar og sérstakar upplýsingar er varða þeirra sérsvið.

Þrennuþjálfarnir sem veita handleiðslu og stuðning fyrir hvert hlutverk efldust í sínu hlutverki á árinu, fengu þjálfun og undirbúning og hafa verið í sambandi við sína tengiliði hjá skátafélögunum. þrennuforingja, skrifstofu og stjórn BÍS.

Nokkur skátafélög á Íslandi hafa nú þegar innleitt félagaþrennuna og er það stefna stjórnar að félagaþrennan verði almennt viðmið í stjórnun skátafélaga. Framvegis verður því allur útsendur póstur og tilkynningar sendar á viðkomandi þrennuforingja ásamt félagsforingja, þannig að allt sem viðkemur dagskrármálum verður líka sent á dagskrárforingja (eða ígildi hans) og allt sem viðkemur fræðslu og sjálfboðaliðum verður einnig sent á sjálfboðaliðaforingja (eða ígildi hans).

ÞRÓUN DAGSKRÁR OG STUÐNINGSEFNIS

Leiðbeiningar um samkomutakmarkanir

Á vorönn gaf Skátamiðstöðin reglulega út og uppfærði leiðbeiningar til skátafélaga um hvernig skyldi hátta starfi undir samkomutakmörkunum sem þá voru í gildi.

Verkfærapakki útilífsskólans

Í apríl var bætt við verkfærapakka um Úlífsskólann leiðbeiningum um uppsetningu skráningar í Sportabler og sniðmát að upplýsingatexta fyrir frístundavefi, vefsíðu skátafélags og utilfsskoli.is

Ánægjukönnun þátttakenda

Ánægjukönnun var send í lok vorannar á forráðafólk allra skáta á þátttökualdri ásamt öllum skátum 16-25 ára. Var hvatt til að 13 ára og eldri svöruðu könnuninni sjálf. 366 luku fyrsta hluta könnunar, 270 öðrum hluta og 240 þeim síðasta. Ýmislegt fróðlegt og jákvætt var fengið gegnum könnunina og voru niðurstöður kynntar á félagsforingjafundi um haustið.

Sportabler leiðbeiningar

Öll félög sem áttu það eftir voru færð úr Nóra í Sportabler í byrjun árs. Talið var ráðlegt eftir reynsluna af Nóra að reyna betur frá upphafi að miðstýra uppsetningu og notkun kerfisins. Því voru á árinu auk leiðbeininga fyrir Útilífsskólann gerðar samskonar leiðbeiningar um hvernig skyldi opna skráningu og stýra félagatali í Sportabler, leiðbeiningar um hvernig skyldi fylgjast með fjármálunum í Sportabler og leiðbeiningar um hvernig skyldi setja upp félagsútilegur í Sportabler. Allar leiðbeiningar voru sendar stjórnum félaganna.

Endurnýjanlegar sakavottorðsheimildir

Unnið var í samstarfi við embætti ríkissaksóknara til að auðvelda skátafélögum vinnu við söfnun sakavottorðsheimilda til framtíðar og útbúið nýtt eyðublað sem hægt er að endurnýta ár eftir ár meðan viðkomandi er í samfelldu ábyrgðarstarfi hjá félaginu.

Hefjum störf

Nýjum verkfærum var bætt við vefsvæði stuðningsefnis sem nýtist skátafélögum við að koma starfinu af stað í upphafi starfsárs. Talsvert mikið af kynningarefnis sniðmátum var bætt við svæðið ásamt myndum sem skátafélög gætu nýtt við kynningu starfsins. Þá var nýjum verkfærum bætt við til að hvetja skátafélög að gera starfsáætlun starfsársins aðgengilega foringjum, þátttakendum og forráðafólki þeirra.

Starfsgrunnur

Unnið var að lokaútgáfu endurnýjaðs starfsgrunns og hann undirbúinn fyrir prentun í lok árs. Auk þess vann starfsráð að ítarefni fyrir markmiðaflokka, hæðu og stikumerki sem er nú aðgengilegt á sér síðu um starfsgrunninn.

Dagskrárrammi og markmiðaflokkarnir hafa verið teknir inn í námsskrá skátaskólans og sveitaforingjar hafa lýst mikilli ánægju með þann stuðning sem ramminn veitir inn í skipulagningu starfsins og aðhald varðandi kröfur og gæði þess.

Viðbragðsáætlun BÍS

Samstarfsverkefni ÆV, ÍBR og ÍSÍ undir stjórn embættis samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs lauk á árinu og ný viðbragðsáætlun fyrir allt íþrótta- og æskulýðsstarf leit dagsins ljós. BÍS átti stóran þátt í verkefninu en auk þess sem skjalið byggði á grunnskjali frá BÍS skrifaði fulltrúi BÍS í vinnuhópnum kafla 10, 11, 12, 14 og 15.

Dagskrárpakki fyrir fjölskylduskáta

Hafin var vinna að dagskrárpakka til að styðja skátafélög að koma á fót fjölskylduskátastarfi. Álits var leitað hjá félögum sem þegar eru byrjuð við hringborð fjölskylduskátaforingja og vinnan langt á veg komin.

Leikjavefur skáta

Leikjavefur skáta var gerður reiðubúinn til birtingar, tæknilegir hnökrar í flokkunarkerfi voru lagaðir og yfirlitssíða útbúin þar sem skátar geta sigtað gegnum leikina eftir téðri flokkun. Stefnt er að birtingu undir lok vorannar 2023.

DAGSKRÁRVIÐBURÐIR

Fálkaskátadagurinn 2021

Fálkaskátadeginum 2021 átti að fara fram fyrstu helgina í nóvember 2021 en var frestað fram yfir áramót til 13. febrúar í þeirri von að þá yrðu hagstæðari aðstæður til að halda viðburðinn. Því miður voru samkomutakmarkanir enn of strangar í vikunni fyrir viðburð og var honum því aflýst. Föstudaginn 12. febrúar var þeim svo aflétt en þá þótti of lítill fyrirvari til að setja viðburðinn aftur á fót. 46 skátar höfðu skráð þátttöku sína, skátafélagið Garðbúar voru gestgjafar viðburðarins og skipulögðu metnaðarfulla dagskrá í Elliðárdal, fá þau mikla þökk fyrir fyrir góða vinnu við erfiðar samfélagsaðstæður.

Drekaskátadagurinn 2022

Drekaskátadagurinn fór fram 6. mars í laugardalnum en Skjöldungar voru gestgjafar þetta árið. Dagskráin samanstóð af póstaleik og í lok hans söfnuðust drekaskátarnir í samsöng og yljuðu sér yfir kakóbolla. 76 drekaskátar tóku þátt ásamt 15 foringjum frá skátafélögunum Akraness, Hraunbúum, Landnemum, Mosverjum, Skjöldungum, Vífli og Vogabúum.

Landsmót drekaskáta

Landsmót drekaskáta fór fram 10.-12. júní á Úlfljótsvatni, sú nýbreytni var að mótið var tvær gistinætur í stað einungis einnar og var fært aftur niður á hvítasunnuflatirnar

milli Strýtunnar og vatnsins. Mótið gekk vel og fékk almennt mjög góða endurgjöf frá starfsfólki og fararstjórum. 144 drekaskátar tóku þátt ásamt 52 foringjum frá skátafélögunum Akraness, Farfuglum, Faxa, Garðbúum, Hraunbúum, Klakki, Kópum, Landnemum, Mosverjum, Segli, Skjöldungum, Stíganda, Vífli og Ægisbúum. Auk þess voru 36 skátar sjálfboðaliðar við framkvæmd mótsins.

Landsmót fálkaskáta

Landsmót fálkaskáta fór fram 30. júní til 3. júlí á Úlfljótsvatni, þemað var þjóðlegt og mikil áhersla var lögð á handverk og tjaldbúðarvinnu á mótinu. Mótið fékk afar góða endurgjöf frá fararstjórum. 146 fálkaskátar tóku þátt ásamt 47 skátaforingjum frá skátafélögum Akraness, Árbúum, Farfuglum, Faxa, Fossbúum, Garðbúum, Hraunbúum, Klakki, Kópum, Landnemum, Mosverjum, Segli, Skjöldungum, Stíganda, Strók, Svönum, Vífli og Ægisbúum. Auk þess voru 33 skátar sjálfboðaliðar við framkvæmd mótsins.

Landsmót rekka- og róverskáta

Landsmót rekka og róverskáta fór fram í tveimur hlutum. Fyrri hluti mótsins var gönguhluti sem fór fram dagana 17.-21. júlí þar sem gengið var frá Landmannalaugum í Álftavatn, svo Strút, síðan Álftavötn og loks í Hólaskjól og slegið upp tjaldbúð á hverjum viðkomustað. Síðari hluti mótsins var svo tjaldbúðarmót í Hólaskjóli dagana 21.-24. júlí þar sem öll skipulögð dagskrá snérist í kringum samfélagsvinnu í þjóðgarðinum. Gríðarleg ánægja var með þá vinnu sem skátarnir unnu á svæðinu hjá þjóðgarðsvörðum og staðhöldurum Hólaskjóls og fékk mótið einnig afar góða endurgjöf í rafrænu endurmati frá þátttakendum.

27 rekka- og róverskátar tóku þátt í gönguhluta mótsins ásamt 6 skátum sem voru sjálfboðaliðar í framkvæmd mótsins. 42 rekka- og róverskátar tóku svo þátt í tjaldbúðarhluta mótsins ásamt 8 skátum sem voru sjálfboðaliðar að sinna framkvæmd mótsins. Þannig tóku 43 rekka- og róverskátar þátt í öðrum eða báðum hlutum mótsins frá skátafélögunum Árbúum, Faxa, Fossbúum, Garðbúum, Kópum, Landnemum, Mosverjum, Skjöldungum, Vífli, Vogabúum og Ægisbúum. Að auki voru 9 skátar sjálfboðaliðar við framkvæmd annars eða beggja hluta mótsins.

Landsmót dróttskáta

Landsmót dróttskáta fór fram 3.-7. ágúst að Hömrum, Akureyri. Þema mótsins var “nýtt upphaf” þar sem dróttskátarnir voru að byggja samfélag upp að nýju eftir hrun þess sökum hamfara. Dróttskátarnir mynduðu þorp í ólíkum flokkum, söfnuðu gjaldeyri til að kaupa nauðsynjar og greiða skatta til einræðisherra mótsins. Mótið fékk mjög góða endurgjöf í rafrænu endurmati til þátttakenda og fararstjóra. 101 dróttskáti ásamt 27 foringjum tóku þátt frá skátafélögunum Árbúum, Fossbúum, Faxa, Garðbúum, Heiðabúum, Hraunbúum, Klakki, Kópum, Landnemum, Mosverjum, Skjöldungum, Strók, Svönum, Vífli, Vogabúum og Ægisbúum.

Hátíðarkvöldvaka

Sérstök hátíðarkvöldvaka fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 2. nóvember til að fagna 100 ára afmæli kvenskátastarfs og 110 árum frá upphafi skátastarfs á Íslandi. Viðburðurinn var samstarfsverkefni SSR og BÍS. Kynning um upphaf kvennskátastarfs, ávarp skátahöfðingja og skemmtiatriði frá ungum og ögn eldri kvenskátum voru á meðal dagskrárliða. Rúmlega 250 skátar á öllum aldri lögðu leið sína í Ráðhúsið og áttu skemmtilega stund saman.

Fálkaskátadagurinn 2022

Mosverjar voru gestgjafar fálkaskátadagsins þetta árið sem fór fram 6. nóvember í Mosfellsbæ. Dagurinn var tileinkaður 100 ára afmæli kvenskátastarfs og þurftu fálkaskátarnir því að leysa 12 verkefni sem öll vörpuðu ljósi á konur sem hafa skarað fram úr á sínu sviði á Íslandi. 45 skátar höfðu skráð sig til þátttöku en þegar á hólminn var komið voru fálkaskátarnir rúmlega 80 ásamt 10 foringjum frá skátafélögunum Akraness, Hraunbúum, Kópum, Landnemum, Mosverjum, Skjöldungum og Vífli.

FRÆÐSLUMÁL

Árið 2022 var viðburðarríkt í fræðslumálum. Eftir tvö ár sem einkenndust af samkomutakmörkunum en voru nýtt í endurskipulag á námsframboði Skátaskólans er sérstaklega ánægjulegt að sjá svo mörg ný námskeið verða að veruleika.

Neisti

Neisti er námskeið fyrir skáta 16 ára og eldri til að efla fjölbreytta færni í skátastarfi. Dagskráin miðar að því að dýpka þekkingu og færni á ýmsum sviðum skátastarfs og efla sjálfboðaliða í sínum hlutverkum. Leiðbeinendur koma víðsvegar að úr íslensku samfélagi sem og erlendis frá. Þátttakendur fá að velja eigin dagskrá eftir eigin áhugasviði eða þörfum en þannig er Neisti frábært tækifæri til persónulegra framfara fyrir alla skáta óháð aldri, hlutverki og fyrri reynslu.

Þátttakendur: 0

Námskeiðið var fellt niður vegna samkomutakmarkana

Verndum þau

Æskulýðsvettvangurinn hefur frá árinu 2010 staðið fyrir námskeiðinu Verndum þau. Námskeiðið er byggt á efni samnefndrar bókar og fjallar um hvernig bregðast á við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem starfa með börnum og ungmennum og öðrum áhugasömum.

Þátttakendur
28. febrúar: 20
7. júní: 68
14. september: 38

RekkaKraftur

RekkaKraftur er hluti af leiðtogaþjálfun Skátaskólans og er fyrir alla rekkaskáta. Á Rekkakrafti er áhersla lögð á að veita rekkaskátum tækifæri á því að taka þátt í spennandi dagskrá sem miðar að því að stuðla að persónulegum framförum þátttakenda.

Þátttakendur

27.-29. maí: 12

Námskeið fyrir starfsfólk útilífsskóla skáta

Námskeið fyrir allt starfsfólk í Útilífsskóla skáta, stjórnendur, aðstoðarstjórnendur og vinnuskólaliða. Námskeiðunum er skipt upp eftir hlutverkum starfsfólks.

Á námskeiðunum fyrir stjórnendur og aðstoðarstjórnendur er farið ofan í starfshætti, starfsreglur, góða siði og venjur, algenga dagskrá, öryggisreglur, hvernig skuli ferðast með hóp barna, hvernig skuli stýra ungmennum í vinnu, upplýsingamiðlun til foreldra, viðbrögð við óæskilegum uppákomum, eðlileg samskipti við börn og starfsfólk og fleira. Að auki stendur félögum til boða að senda starfsfólk á öryggisnámskeið í klifri ef þörf er á.

Námskeið fyrir vinnuskólaliða eru 3 kvöld þar sem þau læra skyndihjálp, fara á Verndum þau námskeið og fræðast um vinnureglur Útilífsskólans og þeirra hlutverk í starfi. Einnig fá þau fræðslu um hvaða rétt þau hafa í starfi hvað varðar hlé, öryggi og vinnutíma og hvað teljist óeðlileg samskipti við börn og yfirmenn.

Þátttakendur
Vinnuskólaliðanámskeið, 8. – 9. júní: 73
Aðstoðarstjórnendanámskeið, 7. – 9. júní: 56
Stjórnendanámskeið, 1. júní: 12
Öryggisnámskeið í klifri, 10. júní: 13

Skyndihjálparnámskeið - 12 tímar

Aðkeypt námskeið með reyndum kennara hjá Rauða krossinum. Að námskeiðinu loknu fá þátttakendur skyndihjálparskírteini sem þarf að endurnýja á 2 ára fresti.

Þátttakendur
21.-22. maí: 28
17.-19. október: 17

Námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja

Námskeiðið er ætlað starfandi aðstoðarsveitarforingjum sem eru 16 ára eða eldri. Aðstoðarsveitarforingjar hjálpi til við dagskrá og eru nauðsynleg starfseminni en þau bera ekki ábyrgð á sama máta og fullorðnir ábyrgðaraðilar. Á námskeiðinu er farið yfir skyldur þeirra og félagslega ábyrgð, skátaaðferðina, leiki og leikjafræði, lýðræði í skátastarfi og frávik í hegðun. Einnig kynnast þau því stuðningsefni sem þeim stendur til boða að nýta frá BÍS. Æskilegt er að öll sem sinna hlutverki aðstoðarsveitarforingja sæki námskeiðið fyrsta veturinn þeirra í því hlutverki.

Þátttakendur

23.-25. september: 12

Námskeið fyrir sveitarforingja

Námskeið haldið fyrir starfandi sveitarforingja sem eru 18 ára eða eldri. Á námskeiðinu er farið yfir skyldur þeirra og ábyrgð, starfsgrunn skátanna, hvert hægt er að leita fyrir meira stuðningsefni, öryggi í ferðum á vegum skátanna, frávik í hegðun ásamt því að fræðast um óformlegt nám. Æskilegt er að öll sem sinna hlutverki sveitarforingja sæki námskeiðið fyrsta veturinn þeirra í því hlutverki.

Þátttakendur
2.-4. september: 22

Kveikja

Námskeið fyrir starfandi sjálfboðaliða skátafélaga þar sem tilgangurinn er að vera þeim hvatning í upphafi starfsárs.

Á námskeiðinu er boðið upp á hnitmiðaða fræðslu um stuðningsefni og viðburði sem standa félögunum til boða frá BÍS ásamt umræðuhópum um ólík málefni. Kveikju er skipt upp í 2 hópa eftir hlutverkum sjálfboðaliða, eitt kvöld fyrir skátaforingja og annað fyrir stjórnarmeðlimi.

Þátttakendur
Fyrir stjórnarmeðlimi skátafélaganna,
17. ágúst: 35
Fyrir skátaforingja skátafélaganna,
18. ágúst: 36

DróttKraftur

DróttKraftur er hluti af leiðtogaþjálfun Skátaskólans og er fyrir alla dróttskáta á landinu. Á DróttKrafti er áhersla lögð á að veita dróttskátum tækifæri á því að taka þátt í spennandi dagskrá, kynnast öðrum dróttskátum á landinu og efla leiðtogafærni þeirra.

Þátttakendur

7.-9. október: 46

Gilwell

Ekki náðist að halda Gilwell leiðtogaþjálfun árið 2022 þar sem unnið var að endurskipulagningu þjálfunarinnar en skráning á nýtt námskeið hófst í lok árs.

STARFSEMI FASTARÁÐA OG VINNUHÓPA

ALÞJÓÐARÁÐ

Alþjóðaráð sinnir samskiptum BÍS við erlend skátabandalög og samtök og erlenda skáta sem óska eftir upplýsingum um íslenskt skátastarf sem og aðstoðar við innleiðingu verkefnapakka á vegum WAGGGS og WOSM. Þá veitir ráðið íslenskum skátum upplýsingar um erlent skátastarf og tilboð um skátastarf erlendis svo sem skátamót, námskeið og önnur tækifæri sem geta nýst íslenskum skátum í sínu starfi. Á árinu bar hæst í alþjóðastarfi góður árangur með JOTA/JOTI, áframhaldandi vinna í Norðurlandasamstarfi NSK og Evrópuþing WAGGGS og WOSM í Rotterdam. Einnig er vert að minnast á viðburðinn Neista sem er innblásinn af sameiginlegum Evrópuviðburði WAGGGS og WOSM sem ber nafnið Scout Academy.

Með alþjóðaráði starfa alþjóðafulltrúar BÍS gagnvart WOSM og WAGGGS. Á árinu tók Berglind Lilja Björnsdóttir við af Þóreyju Lovísu Sigurmundsdóttur sem Alþjóðafulltrúi WOSM og Sunna Líf Þórarinsdóttir situr áfram til tveggja ára sem Alþjóðafulltrúi WAGGGS. Á árinu var einnig bætt við embætti vara alþjóðafulltrúa að norrænni fyrirmynd en Hulda María Valgeirsdóttir tók við því hlutverki.

Samstarfsnefnd norrænu skátabandalaganna

Samstarfsnefnd Norrænu Skátabandalaganna (NSK) skipa fulltrúar Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Noregs, Íslandi og Svíþjóðar. Nefndin heldur fund a.m.k. einu sinni á ári, sem fer alla jafna fram fyrsta laugardag í september. Í ár var Ísland gestgjafi fundarins sem haldinn var 2.-4. september á Laugarvatni. 33 voru viðstödd fundinn, alþjóðafulltrúar hvers lands, norrænir skátar í evrópustjórnum WOSM og WAGGGS og skátahöfðingjar hvers lands.

Nefndin vinnur úr samþykktum Norræna skátaþingsins og fylgist með framkvæmd þeirra samstarfsverkefna sem þar eru ákveðin. Sem dæmi má taka Ung i Norden, Go Global og Network by Function meeting sem haldin er í netheimum. Fulltrúar BÍS í samstarfsnefndinni voru Sunna Líf Þórarinsdóttir og Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir en við af henni tók Berglind Lilja Björnsdóttir.

Starfsnefndir á vegum Evrópustjórna WAGGGS og WOSM

BÍS hefur í gegnum tíðina átt fulltrúa í starfsnefndum á vegum Evrópustjórnar WAGGGS og WOSM. BÍS er kunnugt um að hjá WOSM hafi Hulda Sólrún Guðmundsdóttir starfað í Candidate Journey Task Force og í kjölfarið Candidate Journey Support Group og þar að auki hafi hún verið WOSM Consultant. Berglind Lilja Björnsdóttir starfaði í Regional Scout Plan Team og Aron Gauti Sigurðarson hafi starfaði í Scouts For Gender Equality Team.

Upplýsingamiðlun

Alþjóðaráð hefur til þessa haldið úti Facebook hópnum Tækifæri í Alþjóðastarfi og deilt upplýsingum á Facebook, Instagram og í skátapóstinum. Á árinu ákvað ráðið að

leita leiða til að bæta upplýsingaflæði frá ráðinu til skátahreyfingarinnar. Þannig var hafin vinna að framtíðar vefsvæði þar sem upplýsingar verða alltaf aðgengilegar skátum og byrjað að auglýsa „tækifæri mánaðarins í alþjóðastarfi“.

Evrópuþing WAGGGS og WOSM

Evrópuþing WOSM og WAGGGS var haldið í Rotterdam dagana 22 til 26 júlí 2022. Þingið var eins og áður tvískipt, annarsvegar Evrópuþing WOSM og hinsvegar Evrópuþing WAGGGS og átti BÍS fulltrúa á báðum þingum. Farið var yfir stefnu næstu ára og ný Evrópustjórn kosin hjá báðum bandalögum. Sameiginlegt þing var haldið síðasta daginn þar sem farið var yfir samstarfsverkefni bandalagana og sameiginleg stefna samþykkt. Fulltrúar Íslands voru Berglind Lilja, Þórey Lovísa, Sunna Líf og Hulda María. Næsta þing verður haldið í Vín, Austurríki árið 2025.

Erlendir fundir, námskeið og ráðstefnur sem fulltrúar BÍS sóttu á árinu 2021-2022

- **Pre conference meeting** - Júní 2022 Kaupmannahöfn, Berglind Lilja Björnsdóttir, Þórey Lovísa Sigurðardóttir og Sunna Líf Þórisdóttir
- **European Scout Symposium** - Mars 2022 Kandersteg, Þórey Lovísa Sigurðardóttir
- **Evrópuþing** - Júní 2022 Rotterdam, Berglind Lilja Björnsdóttir, Þórey Lovísa Sigurðardóttir, Sunna Líf Þórisdóttir og Hulda María Valgeirsdóttir
- **NSK fundur** - September 2022 Ísland, Berglind Lilja Björnsdóttir, Þórey Lovísa Sigurðardóttir, Sunna Líf Þórisdóttir, Daði Már Gunnarsson, Agnes Lóa Gunnarsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir
- **Nordic network by function** - Fjarfundur í september, Berglind Lilja Björnsdóttir, Sigurður Viktor Úlfarsson og Jón Halldór Jónasson
- **GoGlobal** - Október 2022 Helsinki, Agnes Lóa Gunnarsdóttir
- **Sustainability Forum**, Október 2022 Danmörk, Sædís Ósk Helgadóttir, Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir
- **Ung i Norden**, Nóvember 2022 Stokkhólmur, Hersteinn Skúli Gunnarsson og Davíð Þrastarson

Skátamót

Á hverju ári berast BÍS boð frá fjölmörgum löndum um þátttöku í skátamótum. Íslenskir skátar sem hafa áhuga á að sækja skátamót erlendis geta fengið aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað. BÍS er kunnugt um að skátafélagið Stígandi sótti danska landsmótið Spejdernes Lejr.

Íslenskur fararhópur undirbýr ferð á alheimsmót skáta í Suður-Kóreu 2023, skráning á mótið lauk á árinu og ljóst er að rúmlega 140 manna fararhópur sæki mótið, þar af 108 þátttakendur. Fararstjórn á mótið skipa Hrafnildur Ýr Hafsteinsdóttir, Guðjón Rúnar Sveinsson, Eva María Sigurbjörnsdóttir, Eva Íris Eyjólfsdóttir og Ingimar Eydal.

Alþjóðaráð auglýsti eftir fararstjórn til að sækja Kander 100 mótið sem fer fram sumarið 2023 í Kandersteg en því miður gat ekki orðið af þeim fararhóp því ekki fundust aðilar til að mynda fararstjórn.

Alþjóðaráð hóf að auglýsa eftir fararstjórn á Roverway 2024 sem fer fram í Noregi 22. júlí – 1. ágúst 2024. Útkall fór í loftið í nóvember en stefnt er á að fararstjórn hefji stöf í febrúar 2023.

JOTA/JOTI

Á árinu setti alþjóðaráð sér markmið um gera viðburðinn aðgengilegri að efla þátttöku íslenskra skáta í JOTA/JOTI og settu á fót vinnuhóp til að ná því markmiði. Vinnuhópurinn vann að því að þýða og miðla efni tengt viðburðinum og hvetja sveitir og félög að búa til umgjörð sem gerði skátum kleift að taka þátt með skipulögðum hætti sem hópur. Fleiri en 200 skátar tóku þátt í viðburðinum, flest með sínu félagi en skátar frá Akranesi, Árbúum, Garðbúum, Hraunbúum, Klakki, Landnemum og Stíganda tóku m.a. þátt ásamt Radióskátum sem aðstoðuðu aðra hópa við að taka þátt.

Erlendar skátamiðstöðvar

Fjölmargar skátamiðstöðvar eru starfandi í heiminum, bæði á vegum WAGGGS og WOSM en einnig á vegum erlendra skátabandalaga. Íslenskir skátar hafa unnið sem sjálfboðaliðar víða en BÍS er ekki kunnugt að neinn hafi starfað í erlendri skátamiðstöð á árinu.

Kandersteg vinnupartý

Íslenskum skátum bauðst í fyrsta sinn á árinu að senda tímabundið vinnuteiti í alþjóðlegu skátamiðstöðina í Kandersteg þar sem skátar unnu sjálfboðastörf og fengu í staðinn tækifæri til að upplifa allt það sem Kandersteg hefur upp á að bjóða.

SKÁTASKÓLINN

Skátaskólinn sér um skipulag fræðslu fyrir skáta og skátaforingja. Stjórn skátaskólans hefur unnið að því á undanförnum árum að endurskipuleggja námskeiðahald innan skátanna, þar sem áhersla er lögð á leiðtogaþjálfun og hagnýta foringjaþjálfun. Árið 2022 var fyrsta árið sem ný námskeið á vegum Skátaskólans voru haldin en á öllum námskeiðum er unnið með fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiki, virkni þátttakenda, útinám og ígrundun þátttakenda.

Á árinu tók Leiðbeinendasveitin einnig til starfa en hún sér um skipulag og framkvæmd leiðtoganámskeiða og foringjaþjálfunar. Með stofnun sveitarinnar stigum við stórt skref í átt að aukinni festu í námskeiðahaldi en það er að miklu leyti starfi hennar að þakka að Skátaskólinn náði að halda öll námskeið samkvæmt starfsáætlun. Við vonumst til þess að sveitin haldi áfram að eflast og styrkjast í takti við aukið framboð námskeiða á komandi árum.

Fyrsta námskeiðið sem Leiðbeinendasveitin hélt var RekkaKraftur, sem var haldið í maí, og svo var DróttKraftur haldinn í október. Krafts námskeiðin eru leiðtogaþjálfun sem eru haldin fyrir hvert aldursbil og miða að því að efla persónulegar framfarir skátanna. Öll byggja þau á sama grunnstefinu, að efla sjálfstæði og þor þátttakenda, en eru viðfangsefnin ólík eftir viðeigandi stíganda í starfinu. Árið 2023 mun svo FálkaKraftur bætast í hópinn og náum við þá að bjóða upp á leiðtogaþjálfun fyrir alla skáta 10 ára og eldri.

Leiðbeinendasveitin hélt einnig hagnýt foringjaþjálfunarnámskeið í september fyrir starfandi sveitarforingja og aðstoðarsveitarforingja. Námskeiðin tókust með eindæmum vel og ljóst að það nýtist foringjum vel að byrja starfsárið á fræðslu um það hlutverk sem þau hafa tekið að sér. Stefnt er að því að námskeiðin verði áfram haldin í september.

Leiðbeinendahópur Gilwell leiðtoga-þjálfunarinnar var einnig endurnýjaður og kallar nýr hópur sig Gilwell-sveitina. Haustið 2022 var nýtt í að endurskipuleggja Gilwell, sem verður nú haldið í 3 hlutum sem fara fram á sama almanaksári. Á námskeiðinu verður áhersla lögð á sjálfstyrkingu, sjálfsskilning, gildi einstaklinga og leiðtogaþjálfun í skátastarfi ásamt því að byggja upp góða flokkastemmingu og vinna með táknræna umgjörð. Fyrsta námskeiðið verður haldið árið 2023.

Haustmánuði 2022 nýtti stjórn skátaskólans í vinnu við námslýsingar þar sem öll námskeið skátaskólans eru skilgreind og skráð með skipulegum hætti. Mun sú vinna einfalda utanumhald og framkvæmd námskeiða á komandi árum ásamt því að auðvelda öllum sem vilja fræðast um námskeið Skátaskólans yfirsýn yfir námskeiðin. Námslýsingarnar eru enn í vinnslu en verða birtar árið 2023.

STARFSRÁÐ

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja. Megináherslur ráðsins eru dagskrármál, starfsgrunnurinn, hvatakerfi og gerð efnis sem styður við skátastarf á Íslandi. Ráðið fundar tvisvar sinnum í mánuði. Þess á milli á það í samskiptum á netinu ásamt því að vinna í afmörkuðum verkefnum. Vinna ráðsins hefur verið verkefnamiðuð og hefur það reynst vel til að klára ákveðin verkefni.

Skátabúningurinn

Fyrsta verkefni ráðsins í ár var að leggja lokahönd á vinnu fyrra starfsráðs að tillögum um útlit skátabúningsins, endurskoða reglugerð um skátabúning og leggja drög að því að koma nýjum skátabúning í sölu.

Forsetamerkið

Ráðið gegnir mikilvægu hlutverki í að fylgja eftir og styðja skáta sem eru að vinna að forsetamerkinu. Ráðið les yfir og samþykkir vegabréf rekkaskáta að forsetamerkinu, ásamt því að skrifa kveðju til þeirra skáta sem eru að klára vegferðina. Einnig tekur ráðið þátt í undirbúningi og framkvæmd athafnarinnar á Bessastöðum. Þá var unnið að því að uppfæra Forsetamerkisbókina í samræmi við starfsgrunninn.

Starfsgrunnur

Mikill tími ráðsins fór í að skoða, samræma og fylgja eftir starfsgrunninum sem kynntur var á skátaþingi 2022. Þar má nefna vinnu tengda könnuðamerkjum, markmiðaflokkum, stiku- og hæðamerkjum.

Hvatakerfi

Hluti starfsgrunnsins er hvatakerfið og töluverð vinna ráðsins fór í þann hluta. Huga þarf að mörgum þáttum í framkvæmd hvatakerfis s.s. inngildingu, fjölbreytileika, útliti, útfærslum o.fl. Verkefni ráðsins hafa einnig verið að skoða, ígrunda, koma með ábendingar og fylgja málum eftir.

Hringborð

Hringborð skátaforingja eru viðburðir þar sem foringjar fá tækifæri til að ræða saman þvert á félög. Haldin voru 6 hringborð þar sem hvert aldursbil var tekið fyrir. Þátttaka á hringborðunum var ágæt og þar gafst foringjum tækifæri til að bera saman bækur sínar og ræða málefni síns aldursbils sérstaklega. Dæmi um umræðuefni voru framkvæmd fjölskylduskátastarfs, leiðir til að bæta samskipti drekaskáta, sveitarútilegur, flokkakerfið, stígandi í starfi, sameiginlegir viðburðir milli félaga, rekkanetið, forsetamerkið og almenn framkvæmd róverskátastarfs.

Samráð, fræðsla, kynningar

Skátaþing, Kveikja og Neisti hafa verið viðburðir þar sem starfsráð hefur fengið endurgjöf, athugasemdir og hrós frá skátum fyrir þá vinnu sem hefur verið í gangi. Starfsráð leggur áherslu á að vera í samráði við önnur ráð og stjórn BÍS þannig að allir séu að vinna í takt.

Starfsráð er ánægt með þau verkefni sem það hefur komið að og stefnir á að fylgja starfsgrunninum enn frekar úr vör með samráði, fræðslu og hvatningu. Í framhaldinu hefur starfsráð áhuga á að útbúa ítarefni tengt starfsgrunninum fyrir félögin.

UNGMENNARÁÐ

Starf ungmennaráðs gekk nokkuð brösulega á árinu. Þrír aðilar sem allir voru karlkyns voru kjörnir inn í ráðið á ungmennaþingi og því var fyrsta verk ráðsins að gera bót á kynjahalla. Farið var fram á það við Skátaþing að fjölga í ráðinu til að finna fleiri aðila í ráðið af öðru kyni. Tvö framboð bárust, eitt frá aðila sem hafði ekki aldur til að sitja í ráðinu samkvæmt gildandi lögum og annað frá aðila sem sagði sig síðan aftur úr ráðinu stuttu eftir kjör. Ráðinu varð ljóst að aftur yrði að gera breytingar á umgjörð ráðsins og hóf undirbúning á þeim.

Uglan

Ungmennaráð stefndi að því að halda viðburðinn Ugluna aftur en markmið hennar er efla áhuga ungmenna á að halda viðburði og kenna ungmennum hvernig skuli standa að sjálfstæðum viðburðum. Á endanum varð ekki af því.

Ungmennaþing

Ungmennaþing var haldið þann 6. febrúar á vef fundar forritinu Gather. Verið var í fyrsta sinn að kjósa á ungmennaþingi í ungmennaráð og áheyrnarfulltrúa ungmenna í stjórn BÍS. Einungis 1 framboð hafði borist fyrir fundinn og tók ungmennaþing því gild framboð sem bárust á fundinum sjálfum. Yfirsást þá að allir einstaklingar voru af sama kyni. 10 þátttakendur sóttu þingið.

Aukaungmennaþing var haldið 21. maí í skátaheimili Ægisbúa til að fylla í þau tvö sæti sem fjölgað var um í ráðinu, 1 sæti var fyllt. 9 þátttakendur sóttu þingið.

ÚTILÍFSRÁÐ

Á Skátaþingi 2022 var í fyrsta sinn kjörið í útilífsráð en fastaráðið var stofnað í lögum BÍS á Skátaþingi 2020. Í greinargerð um stofnun útilífsráðsins kom meðal annars fram að stofnun ráðsins væri þörf því „minnkandi þáttur útilífs í skátastarfi á Íslandi en öflugt útilíf var á árum áður eitt helsta einkennismerki skátastarfs. Mörgum stórum útilífsviðburðum hefur ekki tekist að halda undanfarin ár eins og t.d. DS/RS gönguna og Vörðuhlaupið. Einnig hefur notkun á skátaskálum í fjalllendi farið minnkandi síðustu ár.“ Með stofnun ráðsins var ætlast til „að stjórn BÍS leggi sérstaka áherslu á að efla útilíf í skátastarfi. Sú leið sem flutningsmaður telur að skili BÍS mestu er að setja á stofn sérstakt útilífsráð sem myndi styðja við viðburði sem gera útilífi hátt undir höfði.“

Síðan sagði, að „efling útilífs í skátastarfi getur með auðveldum hætti að aukið þátttakendafjölda í skátastarfi en talsverð aukning hefur verið í útivist meðal almennings undanfarin ár.“ Þannig gæti skátahreyfingin sótt aukinn þátttakendafjölda til ungmenna sem vilja taka þátt í útivist í góðra vina hópi.

Hlutverk ráðsins samkvæmt lögum BÍS er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.

Áherslumál

Á fundum ráðsins fóru fram gagnlegar umræður um útivist almennings á Íslandi samanborið við stöðu útilífs í skátastarfi.

Þó ekki sé nein tölfræði til varðandi útilíf skáta sem gott væri að styðjast við, þá var það almennur skilningur ráðsins, að útilíf hefði farið minnkandi meðal íslenskra skáta. Þessi þróun hefði smám saman gerst á 20 – 30 ára tímabili. Ráðsfólki var ljóst að ekki væri von á hröðum breytingum, heldur væri mögulega hægt að snúa taflinu við, þegar til lengri tíma væri litið. Því afréð ráðið að fyrstu aðgerðir gætu orðið:

- Að meta og greina stöðu útilífs meðal skáta og hve mikil útivist væri stunduð í skátastarfi í dag.
- Að horfa til grasrótarinnar og hvetja til aukinnar útiveru í tengslum við skátafundi.
- Að finna færar og raunhæfar leiðir til að koma stórum útivistarviðburðum aftur í gang á meðal skáta.
- Að leita eftir samstarfi og samráði við önnur fastaráð BÍS þar sem viðfangsefni gætu skarast.

Starfið á árinu

Ákveðið var að heimsækja skátafélög með það að markmiði að kortleggja þá útivist sem færi fram í skátastarfi í dag. Einnig gæti slík heimsókn komið af stað umræðum og e.tv. aðgerðum til aukinnar útivistar í skátastarfi úti í félögunum. Þannig væri heimsóknin hugsuð sem okkar fyrsti stuðningur við útilífið í grasrótinni, þ.e. hjá skátafélögunum, á skátafundum og hvetja til útilífsviðburða hjá hverju og einu skátafélagi. T.d. með því að:

- Að halda útifund – leiðbeiningar á rafrænu formi um skátafund úti undir berum himni.
- Að halda útilífs/útifunda námskeið - heimsókn í ykkar skátafélagi (eitt kvöld)
- Að fylgja skátafélögum/foringjum eftir - með jákvæðri gagnrýni/samskiptum áleiðis af stað með útilífsfundi og spennandi útilífsviðburði.

Einnig stóð útilífsráð fyrir útilífsskátasmiðju á Neista. Smiðjan fólst í hvatningu og verklegu dæmi um útiskátafund.

Tveir útivistarviðburðir voru í undirbúningi hjá BÍS á árinu sem útilífsráð kom að.

Crean

Alþjóðleg vetrarferð skáta „Crean“ var skipulögð og fór fram nú í febrúar. Þessi viðburður hefur verið samstarf íslenskra og írskra skáta og hefur oft og tíðum verið mikil og skemmtileg áskorun fyrir þátttakendur. Að þessu sinni voru eingöngu írskir skátar sem þátt tóku í viðburðinum. Formlegur undirbúningur þess að íslenskir skátar muni taka þátt á komandi árum hófst í lok árs.

Vetrarhæk og útilífsnámskeið

Bandalag íslenskra skáta, Skíðasamband skáta og Skátafélagið Klakkur unnu að samkomulagi um samstarf um árlegt vetrarhæk og útilífsnámskeið í Eyjafirði í kringum páska. Viðburðurinn verður í starfsáætlun BÍS til framtíðar og mun BÍS styðja við viðburðinn og hvetja til þátttöku á honum af öllu landinu en viðburðurinn er áfram á forræði skátanna á Akureyri.

VINNUHÓPAR

Mótstjórn landsmóts drekaskáta

Sá hópur sem hafði sinnt drekaskátmótum árin áður var falin mótstjórn landsmóts drekaskáta ásamt hópi yngri skáta sem voru áhugasöm að taka við drekaskátamótum á eftir þeim. Mótið var haldið dagana 10.-12. júní á Úlfljótsvatni og var þema mótsins ævintýri.

Mótstjóri var Salka Guðmundsdóttir og með henni í mótstjórn voru Andri Snær Zebitz Valdimarsson, Aron Gauti Sigurðarson, Birta Ísafold Jónsdóttir, Davíð Þrastarson, Ísak Árni Eiríksson, Óli Björn Sigurðsson, Reynir Tómas Reynisson, Valur Kári Óskarsson og Ægir Freyr Valsson.

Mótstjórn landsmóts fálkaskáta

Leitað var til mótstjórnar landsmóts fálkaskáta 2018 til að taka aftur að sér mótið 2022, einnig var opið útkall eftir fleiri aðilum í mótstjórn þó ekki hafi verið fleiri tekin inn í mótstjórn eftir það útkall. Mótið var haldið dagana 30. júní til 3. júlí á Úlfljótsvatni og var þema mótsins þjóðlegt.

Mótstjórn skipuðu: Anna Margrét Tómasdóttir, Elenea Breiðfjörð, Elín Sigríður Ármannsdóttir, Fanný Björk Ástráðsdóttir, Halldóra Helga Valdimarsdóttir, Jónína Sigurjónsdóttir og Vilborg Norðdahl.

Mótstjórn landsmóts dróttskáta

Klakkur var beðinn að ábyrgjast mótstjórn dróttskátamóts, auk skáta að norðan var opið útkall eftir aðilum í mótstjórn til að sinna skipulagi og framkvæmd landsmóts dróttskáta. Mótið var haldið dagana 3. - 7. ágúst að Hömrum, Akureyri og var þema mótsins: Nýtt upphaf!

Mótstjórinn var Jóhann G. Malmquist og með honum í mótstjórn voru Anna Kristjana Helgadóttir, Bjarki Geir Benediktsson, Einar Örn Gíslason, Embla Dýrfjörð, Högni Gylfason, Sebastian Fjeld Berg, Tumi Snær Sigurðsson og Ívar Þorleifur Barkarson.

Mótstjórn landsmóts rekkaskáta

Hópur var fenginn til að sjá um skipulagningu og framkvæmd landsmóts rekka-og róverskáta. Mótið var haldið í tvennu lagi, annars vegar göngumót þar sem gengið var frá Landmannalaugum að Hólaskjóli og hins vegar tjaldbúðamót þar sem unnið var samfélagsverkefni á svæðinu, mótið var haldið dagana 17. - 24. júlí og þemað var: Náttúrulega.

Mótstjórn skipuðu: Sif Pétursdóttir, Sædís Ósk Helgadóttir, Kolbrún Ósk Pétursdóttir, Benedikt Þorgilsson, Ásgerður Magnúsdóttir og Hinrik Pétur Jóhannsson.

JOTA-JOTI vinnuhópur

Opið útkall var eftir skátum til að undirbúa leiðir til að styðja og efla þátttöku fálkaskáta og eldri á hinu alþjóðlega árlega netmóti JOTA-JOTI. Viðburðurinn fór fram 14.-16. október og meira en 200 skátar tóku þátt.

Vinnuhópinn mynduðu: Arnbjörg Ýr Sigurðardóttir, Berglind Lilja Björnsdóttir, Daði Már Gunnarsson, Guðmundur Sigurðsson og Hersteinn Skúli Gunnarsson.

Skátastarf fyrir flóttafólk

Hópur áhugasamra um að finna leiðir fyrir skátana að styðja við flóttafólk frá Úkraínu á Íslandi var stofnaður í maí 2022. Markmið vinnuhópsins var að bjóða uppá gæða skátastarf fyrir flóttafólk og safna saman hugmyndum um hvernig skátar geti stutt við flóttafólk á Íslandi. Hópurinn skipulagði fjölskylduskátadag á Úlfljótsvatni fyrir fjölskyldur flóttafólks frá Úkraínu og hætti svo störfum.

Meðlimir hópsins voru Hulda María Valgeirsdóttir, Sigríður Ágústsdóttir og Margrét Unnur Rögnvaldsdsóttir.

100 ára afmæli kvenskáta

Hópurinn vann hugmyndir að viðburðum og öðrum minnisvörðum með því markmiði að minna á gildi kvennskátastarfs og efla hugmyndafræði kvennskáta á Íslandi. Hópurinn kom að hátíðakvöldvökunni 2.nóvember, þýddi dagskrárefni frá WAGGGS og hefur hafið undirbúning að hátíðarkvöldverði og stofnun samfélagssjóðs.

Meðlimir hópsins eru Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Helena Sif Gunnarsdóttir, Kristín Arnardóttir og Þórey Valgeirsdóttir

Þrennuþjálfarnir

Þrennuþjálfarnir hafa skipt með sér skátafélögum og bæði kynnt starfslýsingar og tekið stöðusamtöl við sína þrennuforingja. Hópurinn leitar fleiri skáta í hópinn og hvetur eldri skáta sem hafa áhuga á að taka að sér stuðningshlutverk að hafa samband.

Meðlimir hópsins eru Björk Norðdal, Bryna Guðjónsdóttir, Kristín Birna Angantýsdóttir, Jóhanna Aradóttir og Selma Björk Hauksdóttir.

Leiðbeinendasveitin

Leiðbeinendasveitin var stofnuð í upphafi árs 2022. Hlutverk hennar er að skipuleggja, framkvæma og endurmeta leiðtoganámskeið fyrir fálka-, drótt- og rekkaskáta og foringjaþjálfun samkvæmt námskrá Skátaskólans. Á árinu 2022 hélt Leiðbeinendasveitin fjögur námskeið, RekkaKraft, DróttKraft og námskeið fyrir sveitarforingja og aðstoðarsveitarforingja.

Meðlimir Leiðbeinendasveitarinnar eru Aron Gauti Sigurðarson, Elín Esther Magnúsdóttir, Salka Guðmundsdóttir, Védís Helgadóttir og Úlfur Kvaran. Daði Már Gunnarsson og Heiðdís Erla Jónsdóttir bættust svo við Leiðbeinendasveitina haustið 2022.

Gilwell-sveitin

Gilwell-sveitin er leiðbeinendahópur Gilwell leiðtogaþjálfunarinnar en hlutverk hennar er að skipuleggja, framkvæma og endurmeta Gilwell námskeiðin. Sveitin var stofnuð í haust og skipulögðu þau námskeið fyrir árið 2023.

Meðlimir Gilwell-sveitarinnar eru Björk Norðdahl, Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir, Helga Rós Einarsdóttir, Kristín Hrönn Þráinsdóttir, Guðmundur Finnbogason og Harpa Ósk Valgeirsdóttir.

Minjanefnd skáta

Minjanefnd skáta er samstarfsnefnd SSR, BÍS og Skátagildanna á Íslandi um varðveislu og skráningu skátaminja. Hver aðili skipar tvo fulltrúa í nefndina.

Fulltrúar BÍS í minjanefnd voru Fanney Kristbjarnardóttir og Guðmundur Pálsson.

AÐILAR AÐ BANDALAGI ÍSLENSKRA SKÁTA

AÐILD AÐ BÍS

Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:
Aðild A: Skátafélög með starf fyrir félaga á aldrinum 7-25 ára.
Aðild B: Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félaga sem flestir eru eldri en 23 ára.
Aðild C: Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS
Aðild D: Skátar með beina aðild að BÍS

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:

Félagsaðild	**A**	**B**	**C**	**D**
Þjónusta BÍS	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Þátttökuréttur á viðburðum	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Atkvæði á Skátaþingi	4	1	0	0
Félagsgjald til BÍS	Já	Já	Nei	Já

Eftirtalin félög voru með aðild A að BÍS á árinu

- Skátafélag Akraness, Akranesi
- Skátafélagið Árbúar, Árbæjarhverfi í Reykjavík
- Skátafélag Borgarness, Borgarnesi
- Skátafélagið Eilífsbúar, Sauðárkróki
- Skátafélagið Einherjar-Valkyrjan, Ísafirði
- Skátafélagið Faxi, Vestmannaeyjum
- Skátafélagið Fossbúar, Selfossi
- Skátafélagið Garðbúar, Fossvogs- og Bústaðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Hafernir, Fella- og Hólahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Heiðabúar, Reykjanesbæ
- Skátafélagið Hraunbúar, Hafnarfirði
- Skátafélagið Klakkur, Akureyri
- Skátafélagið Kópar, Kópavogi
- Skátafélagið Landnemar, Austurbæ og Hlíðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Mosverjar, Mosfellsbæ
- Skátafélagið Segull, Seljahverfi, Bakka- og Stekkjahverfunum í Reykjavík
- Skátafélagið Skjöldungar, Heima- og Vogahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Stígandi, Dalabyggð
- Skátafélagið Strókur, Hveragerði
- Skátafélagið Svanir, Álftanesi
- Skátafélagið Vífill, Garðabæ
- Skátafélagið Vogabúar, Grafarvogshverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Ægisbúar, Vesturbæ í Reykjavík
- Skátafélagið Örninn, Grundarfirði

Eftirtalin skátafélög voru með aðild B að BÍS á árinu

- Skátafélag Sólheima, Sólheimum, Grímsnesi
- Skátafélagið Radíóskátar, Garðabæ

Eftirtalin félög störfuðu undir BÍS án aðildar á árinu

- Skátafélagið Farfuglar, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði

Eftirtalin félög voru með aðild C að BÍS á árinu

- Landsgildi St. Georgsgildanna
- Skátakórinn
- Skíðasamband skáta
- Skógræktarfélag skáta við Úlfljótsvatn

FJÖLDI SKÁTA Í SKÁTASTARFI

	Hrefnuskátar	Drekaskátar	Fálkaskátar	Dróttskátar	Rekkaskátar	Roverskátar	26 ára og eldri	Heildarfjöldi undir 26	Heildarfjöldi skáta
Heildarfjöldi skráninga 2020-21	-	553	606	268	118	127	216	1672	1888
Heildarfjöldi skráninga 2021-22	34	389	422	264	96	112	204	1317	1521
Mismunur milli ára	-	-164	-184	-4	-22	-15	-12	-355	-367

SKÁTASAMBÖND

Samkvæmt lögum BÍS er skátafélögum heimilt að stofna með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur skátafélaga á tilteknum svæðum og setja sér eigin starfsreglur.

Eftirfarandi skátasambönd eru starfandi:

Skátasamband Reykjavíkur (SSR)

Formaður SSR er Helgi Þór Guðmundsson

SKÁTA- OG ÚTILÍFSMIÐSTÖÐVAR

Skátamiðstöðin Hraunbær 123

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123 er í eigu Bandalags íslenskra skáta og var tekin í notkun vorið 2003. Í húsnæðinu er rekin þjónustumiðstöð BÍS, skrifstofa SSR, skátaheimili skátafélagsins Árbúa og aðstaða fyrir Landsgildi St. Georgsgildanna á Íslandi. Í húsinu eru auk þess fundarsalir, skátavöruverslunin Skátabúðin, móttökustöð Endurvinnslunnar og geymslur.

Grænir skátar reka móttökustöð fyrir Endurvinnsluna hf. þar sem tekið er við skilagjaldsskyldum umbúðum.

Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni

Starfsemi skáta á Úlfljótsvatni hófst árið 1941 með sumardvöl ungra skáta undir forystu Jónasar B. Jónssonar og félaga. Síðan þá hefur starfsemin á Úlfljótsvatni verið að aukast jafnt og þétt eftir því sem aðstaðan hefur stækkað og batnað. Í dag má fullyrða að Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni sé eitt af best útbúnu útivistarsvæðum á Íslandi.

BÍS er eini rekstraraðili staðarins eftir að hafa keypt hlut SSR í rekstrinum árið 2018. Kaupunum fylgdu allar fasteignir og búnaður. Markmið BÍS er að nota staðinn til að efla skátastarf í landinu og styðja við foringjaþjálfun og verður staðurinn áfram rekinn í svipaðri mynd og verið hefur. SSR á 25% hlut í Úlfljótsvatnslandinu ásamt BÍS sem á 25% og Skógræktarfélagi Íslands sem á 50%.

Erlendir skátahópar eru mikilvægasta tekjulind ÚSÚ ásamt skólabúðum. Afkoman var undir væntingum og skýrist helst af Covid-19 heimsfaraldri. Aflýsa þurfti fjölda skólabúða og ekki komu neinir erlendir skátahópar til landsins. Markmið stjórnar ÚSÚ er að staðurinn verði sjálfbær og geti staðið undir viðhaldi og eðlilegri þróun. Staðarhaldari á Úlfljótsvatni er Javier Paniagua Petisco.

Hamrar

Útilífsmiðstöð skáta að Hömrum á Akureyri tók formlega til starfa sumarið 2000. Uppbygging og rekstur svæðisins er á vegum sérstaks rekstrarfélags, Hamrar útilífs- og umhverfismiðstöð skáta á Akureyri, í eigu Skátafélagsins Klakks sem annast uppbyggingu svæðisins í samvinnu við Akureyrarbæ. Félagið annast einnig daglegan rekstur starfseminnar að Hömrum og á tjaldsvæðinu á Akureyri. Félagið starfar í nánu sambandi við skátafélagið en hefur sjálfstæða stjórn, aðalfund og fjárhag. Þriggja manna stjórn er kosin á aðalfundi Hamra. Starfsemin að Hömrum er í gangi allt árið þótt meginhluti starfseminnar sé rekstur tjaldsvæðanna á sumrin samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við Akureyrarbæ. Einnig annast félagið daglega umsjón með húsnæði og skálum Skf. Klakks.

Gilwellskálinn, Úlfljótsvatni

Þetta stolta en yfirlætislausa og fallega hús nálgast áttræðisaldurinn. Það er fyrsta húsið sem skátar reistu að Úlfljótsvatni (1942) og þjónaði sem félagsmiðstöð og mötuneyti fyrir sumarbúðastarf skáta á staðnum. Húsið sem var að mestu byggt í sjálfboðavinnu gjörbreytti aðbúnaði skáta á staðnum. Eftir því sem starfsemi skáta á Úlfljótsvatni þróaðist og jókst hafa aðrar byggingar bæst við, KSÚ var byggt ári seinna og síðan aðrar byggingar. Auk sumarbúðastarfsins hefur fjöldi námskeiða og viðburða skáta verið haldinn í gamla húsinu. Fyrsta íslenska Gilwellnámskeiðið var haldið þar 1959 og næstum því árlega eftir það. Enda er húsið í daglegu tali alltaf nefnt Gilwellskálinn. Á liðnum árum hafa farið fram verulegar endurbætur og viðgerðir á húsi og húsmunum og mikill metnaður lagður í að viðhalda minjum og anda hússins. Sú vinna hefur verið unnin í sjálfboðaliðastarfi og er að mestu lokið í dag. Margskonar viðburðir eru haldnir í húsinu, til dæmis kvöldvökur, námskeið, hópavinna og fundir.

Hiklaust má segja að í húsinu eigi íslenska skátahreyfingin merka og einstaka menningareign sem sómi er að vernda og hefur húsið og ástand þess vakið mikla athygli hér heima sem og erlendis. Gilwellskálinn er eign Bandalags íslenskra skáta (ÚSÚ) en sérstök hússtjórn fer með umsjón hans. Hússtjórnina skipa: Haukur Haraldsson, Atli Smári Ingvarsson og Víking Eiríksson.

NEFNDIR OG SAMTÖK SEM BÍS TENGIST

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunngildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samráðsvettvangur Bandalags íslenskra skáta (BÍS), Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, KFUM og KFUK á Íslandi og Ungmennafélags íslands (UMFÍ).

Tilgangur og markmið félagsins er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar sem og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir.

Árið 2022 urðu breytingar á starfsemi Æskulýðsvettvangsins þegar fagráð ÆV var lagt niður ásamt því að Sema Erla hætti sem framkvæmdastýra ÆV. Ný framkvæmdastýra, Valdís Helga Þorgeirsdóttir, tók til starfa haustið 2022.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins

Starf Æskulýðsvettvangsins tók breytingum á árinu þar sem fagráð Æskulýðsvettvangsins var lagt niður árið 2022. Ástæða þess er tilkoma samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála sem tekur á málum sem fagráðið hafði áður tekið á.

Ráðgjafahópur Æskulýðsvettvangsins

Hlutverk ráðgjafahópsins er að vera framkvæmdastýru ÆV innan handar í verkefnum félagsins. Í ráðgjafahópnum er einn fulltrúi frá hverju aðildarfélagi og situr Katrín Kemp Stefánsdóttir í hópnum fyrir hönd Skátanna.

Verkefni Æskulýðsvettvangsins

Verkefni ÆV eru fjölbreytt en snúast að mestu leyti að því að standa fyrir námskeiðum sem miða að því að fræða starfsfólk og sjálfboðaliða aðildarfélaganna um málefni er lúta að hagsmunum þátttakenda í starfi félaganna.

Helstu verkefni ársins 2022 voru eftirfarandi:

Námskeið

Það er mikilvægt að allir sem starfa með börnum og ungmennum séu meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð og viti hvernig á að bregðast við þegar upp koma atvik eða áföll í starfinu. Eitt af markmiðum Æskulýðsvettvangsins er að stuðla að aukinni fræðslu og forvörnum í íþrótta- og æskulýðsstarfi á Íslandi í þeim tilgangi að gera umhverfi barna og ungmenna í félagsstarfi öruggara. Námskeið Æskulýðsvettvangsins eru einn mikilvægasti liðurinn í því. Námskeiðin sem Æskulýðsvettvangurinn stendur fyrir eru:

- Verndum þau
- Samskipti og siðareglur
- Námskeið og vinnustofa um inngildingu og fjölmenningu
- Einelti í íþrótta- og æskulýðsstarfi
- Hatursorðræða
- Netnámskeið í barnavernd

Siðareglur

Siðareglur ÆV tóku breytingum árið 2022 eftir að aðilar frá skátunum lögðu fyrir breytingartillögu á aðalfundi félagsins. Ráðgjafahópurinn vann þær tillögur áfram og nýjar siðareglur voru samþykktar í júní 2022. Í framhaldi hófst vinna við að uppfæra námskeiðið samskipti og siðareglur sem klárast árið 2023.

Viðbragðsáætlun

Ný viðbragðsáætlun fyrir aðildarfélög Æskulýðsvettvangsins var gefin út í nóvember 2022. Viðbragðsáætlunin var unnin undir verkefnastjórn samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs í samráði við Bandalag íslenskra skáta, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótta- og ólympíusamband Íslands, KFUM og KFUK, Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, Slysavarnafélagið landsbjörg, Ungmennafélag Íslands og Æskulýðsvettvanginn.

Þetta er fyrsta viðbragðsáætlunin sem er sameiginleg fyrir allt íþrótta- og æskulýðsstarf landsins. Tilgangur samræmdrar áætlunar er að sporna við atvikum sem geta mögulega komið upp og leiðbeint starfsfólki, sjálfboðaliðum og fleirum til að bregðast rétt við ef til þess kemur. Enda er best fyrir alla aðila máls ef viðbrögð eru samræmd.

AÐRAR NEFNDIR OG SAMTÖK.

WAGGGS, World Association of Girl Guides and Girl Scouts

Tengiliður: Sunna Líf Þórarinsdóttir

WOSM, World Organisation of the Scout Movement

Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir

European Region WAGGGS

Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir

Samstarfsnefnd Norrænu skátabandalaganna

Tengiliður: Berglind Lilja Björnsdóttir, Sunna Líf Þórarinsdóttir

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsráð

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsvettvangurinn, samstarfsvettvangur BÍS, UMFÍ, KFUM og KFUK og Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Norræna æskulýðsnefndin

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Friends of Scouting in Europe (FOSE)

Tengiliður: Júlíus Aðalsteinsson